

1. tbl. 6. árg. apríl 2015

## Vinna við Heilsubrunn hafin

### Bætt aðgengi að heilbrigðistengdum gögnum

Innan Heilbrigðisvísindasviðs Háskóla Íslands er unnið að uppbyggingu verkefnis sem hefur hlotið heitið Heilsubrunn. Það er samstarfsverkefni Heilbrigðisvísindasviðs HÍ, heilbrigðisstofnana og annarra tengdra stofnana hér á landi. Heilsubrunn snýst annars vegar um að byggja upp leiðir til að bæta aðgengi að íslenskum ópersónugreinanlegum heilbrigðistengdum gögnum, og efla þannig innlendar vísindarannsóknir, sem og að auka þekkingu á heilbrigði og sjúkdómum með notkun bestu heilbrigðisupplýsingatækni og sérfræði-

þekkingu sem völ er á. Hins vegar er svo tilgangur Heilsubrunns að þjóna samstarfsstofnunum okkar og auðvelda þeim að koma gögnum sínum fyrir í öruggum leitargrunnum með dulkóðuðum persónuauðkennum.

Gagnagrunnar verða ekki sam-einaðir eða samtengdir heldur verður notaður sérstakur hugbúnaður, leitarkerfi, sem gerir það kleift að leita að viðeigandi gögnum með dulkóðuðum persónuauðkennum í mismunandi gagnagrunnum. Segja má að líf rannsakenda muni auðveldast til muna frá því sem nú er en ný lög um vísindarannsóknir á heilbrigðisviði, sem fjalla m.a. um söfn heilbrigðisupplýsinga tóku gildi þann 1. janúar sl. Auðvelt og fljótlegt verður að gera fyrirspurnir um fjölda einstaklinga sem hentað gætu í fyrirhugaða rannsókn og einungis verða gefnar upplýsingar um hópa sem innihalda tíu einstaklinga eða fleiri. Sé fjöldinn nægjanlegur verður hægt að fá aðgang að frekari gögnum að fengnum viðeigandi leyfum frá Vísindasiðanefnd og Persónuvernd.

Einungis verður unnið með dulkóðuð persónuauðkenni og því mun persónuvernd einstaklinga aukast til muna frá því sem nú er.

Heilsubrunn er mikilvægt innviðaverkefni Heilbrigðisvísindasviðs sem mun veita rannsakendum aðgang að heilbrigðistengdum gögnum frá íslenskum stofnunum. Íslenskum rannsakendum mun því gefast tækifæri til að leita að gögnum sem ekki er hægt að finna í dag, með aðferðum sem bæta öryggi persónuupplýsinga, spara tíma, minnka tíverknad og gera mögulegar rannsóknir sem ekki er fært að ráðast í nú vegna kostnaðar og tíma.

Ásta Thoroddsen, prófessor við Hjúkrunarfræðideild, Inga Þórsdóttir, forseti Heilbrigðisvísindasviðs og Þorvarður Löve, lektor við Læknadeild sitja í stýrihóp um Heilsubrunn ásamt nokkrum sérfræðingum frá hinu opinbera. Stefnt er að því að Heilsubrunn opni síðar á árinu.



Ásta Thoroddsen, prófessor við Hjúkrunarfræðideild og Þorvarður Löve, lektor við Læknadeild sitja í stýrihóp um Heilsubrunn.

# Pankabrot

## Inga Þórsdóttir, forseti Heilbrigðisvísindasviðs



Kæra samstarfsfólk.

Þakka ykkur fyrir þátttöku í ráðstefnu Heilbrigðisvísindasviðs (HVS) í líf og heilbrigðisvísindum sem fram fór á Háskólatorgi og í Odda í janúar síðastliðnum. Það er ástæða til að þakka erindi og veggspjöld og

góðar umræður. Ég vil líka þakka allt það lof sem ráðstefnan hefur fengið og sömuleiðis allar ábendingar um hvað betur má fara næst þegar ráðstefnan verður haldin, sem verður í janúar 2017.

Í vetur hefur HVS skipað nýja kennslumálanefnd\* og nýja vísindanefnd\* – við óskum nefndarmönnum alls hins besta og um leið vil ég nota tækifærið og þakka þeim fyrir að taka nefndarstörfin að sér. Starfsmenn sem sérstaklega vilja vinna að þróun á öflugni námi og vísindum auka gæði í störfum sviðsins og um leið Háskóla Íslands. HVS hlaut nýlega styrk frá Kennslumálasjóði HÍ til verkefnisins Kennsluþróunarnet HVS.

Kennsluþróunarnetinu er ætlað að vera samstarfsnet milli kennara innan HVS í nánú samstarfi við kennslumálanefnd sviðsins og Kennslumiðstöð HÍ. Það á að skapa fræðilegan vettvang fyrir fjölbreytta kennsluhætti innan sviðsins. Til þess að tryggja frekari þróun kennslumála og fjölbreytta kennsluhætti innan HVS er áætlað að ráða verkefnisstjóra í málaflokkinn með sérþekkingu í heilbrigðisvísindum og kennslufræðum. Þetta verður vonandi mikil hvatning til að tvinna saman rannsóknir og fræðilega og klíniska kennslu, prófa nýjungar og nýta í sameiningu krafta nemenda og kennara til að efla kennsluna.

Uppbygging innviða Heilbrigðisvísindasviðs er í fullum gangi. Þar má sérstaklega nefna Heilsubrunn sem er heiti á miðstöð um klíniska gagnagrunna sem er samstarfs- og þjónustuverkefni með heilbrigðisstofnunum um allt landið, stofnað og staðsett á HVS HÍ. HVS hefur þegar hlotið styrki úr Innviðasjóði Aldarafmælisjóðs HÍ og frá Actavis til Heilsubrunns og í undirbúningi eru fleiri samningar um styrki.

Samstarf við Háskólann í Minnesota hefur hjálpað okkur við undirbúning og þróun vinnunnar. Endilega lesið fréttina um Heilsubrunn hér í fréttabréfinu.

Á síðasta ári vorðu 28 einstaklingar doktorsritgerðir við Heilbrigðisvísindasvið. Í því samhengi er mikilvægt að þakka mikið og gott starf doktorsnámsnefndar\* HVS, en allar deildir hafa nú samþykkt aðkomu og þátttöku í þessari sameiginlegu starfsnefnd okkar. Í haust eigum við von á matsnefnd vegna evrópskrar viðurkenningar á doktorsnáminu.

Að lokum verður að nefna húsnæði HVS. Áætlað er nú að sameiginlegt hús HVS rísi innan fjögurra til sex ára. Dreifing heilbrigðisvísindagreina kostar landsmenn háar upphæðir. Það er hagur allra að bætt verði úr þessu. Heilbrigðisvísindasvið háskóla um allan

heim eru tengd sjúkrahúsum og fræðileg nálægð er hagur þeirra sem þiggja heilbrigðisþjónustu.

Með bestu kveðjum,

Inga Þórsdóttir,  
prófessor og forseti HVS.

„Áætlað er nú að sameiginlegt hús HVS rísi innan fjögurra til sex ára. Dreifing heilbrigðisvísindagreina kostar landsmenn háar upphæðir. Það er hagur allra að bætt verði úr þessu.“

#### \*Kennslumálanefnd HVS 2015-2017

Þórdís Katrín Þorsteinsdóttir, Hjúkrunarfræðeild, Hákon Hrafn Sigurðsson, Lyfjafræðeild, Björn Guðbjörnsson, Læknadeild, formaður, Ólóf Guðný Geirsdóttir, Matvæla- og næringarfræðeild, Guðmundur Bjarni Arnkelsson, Sálfræðeild, Karl Örn Karlsson, Tannlæknadeild. Áheymarfulltrúar: Martha Hjálmarsdóttir og Þórarinn Sveinsson. Fulltrúi nemenda: Margrét Unnarsdóttir, Sálfræðeild. Starfsmaður nefndarinnar: Heiður Reynisdóttir.

#### \*Vísindanefnd HVS 2014-2017

Guðrún Kristjánsdóttir, Hjúkrunarfræðeild (Þóra Jenny Gunnarsdóttir til vara), Elín Soffía Ólafsdóttir, Lyfjafræðeild (Már Mátsson til vara), Þórarinn Guðjónsson, Læknadeild (Helga Zoëga til vara), Ágústa Guðmundsdóttir, Matvæla- og næringarfræðeild (Kristberg Kristbergsson til vara), Árni Kristjánsson, Sálfræðeild, formaður (Fanney Þórsdóttir til vara), Inga B. Árnadóttir, Tannlæknadeild (Sigurður Rúnar Sæmundsson til vara).

#### \*Doktorsnámsnefnd 2013-2016

Erla K. Svavarsdóttir, Hjúkrunarfræðeild (Kristín Björnsdóttir til vara), Þórdís Kristmundsdóttir, Lyfjafræðeild, formaður (Sveinbjörn Gizurarson til vara), Helga M. Ögmundsdóttir, Læknadeild (Þorvarður J. Löve til vara), Bryndís E. Birgisdóttir (Hörður Kristinnsson til vara), Fanney Þórsdóttir (Ragnar Pétur Ólafsson til vara), Teitur Jónsson (Inga B. Árnadóttir til vara), Thor Aspelund, Miðstöð í lýðheilsuvísindum (Arna Hauksdóttir til vara). Starfsmaður nefndarinnar: Ása Guðrún Kristjánsdóttir, rannsóknastjóri HVS.

# Sól og sæla á Háskóladegi



Nemendur og kennarar Heilbrigðisvísindasviðs tóku þátt í hinum árlega Háskóladegi 28. febrúar sl. Sviðið var með sína námskynningu á Litla-Torgi og vakti hún mikla og verðskuldaða athygli. Boðið var upp á margvíslegar heilsufarsmælingar, endurlífgunarkennslu, hylkjahappdrætti og heilsuþingó. Þá var hægt að kynna sér handtökin á skurðstofunni hjá manni ársins, Tómasi Guðbjartssyni, prófessor við Læknadeild, svo fátt eitt sé nefnt. Gestir Háskóladagsins hafa aldrei verið fleiri en áætlað er að yfir sex þúsund manns hafi lagt leið sína í Háskóla Íslands þennan sólríka dag.



Myndir frá Háskóladeginum má sjá í ljósmyndagalleríi Heilbrigðisvísindasviðs.

# Heilsa og hollusta í fyrirrúmi

## Heilsudagur á Háskólatorgi

Fjölmargir lögðu leið sína á Háskólatorg fimmtudaginn 19. mars sl. en þá var Heilsudagur sviðsráðs Heilbrigðisvísindasviðs (SHÍ) haldinn í fyrsta sinn. Í boði voru ýmsir viðburðir, fyrirlestrar og kynningar þar sem heilsutengd málefni voru í brennidepli.

Fullt var út úr dyrum á pallborðsumræðum í Stúdentakjallarnum en þar sátu sérfræðingar á sviði næringar- og lækisfræði fyrir svörum, þ.e. Magnús Karl Magnússon, deildarforseti og prófessor við Læknadeild, Þórhallur Ingi Halldórsson, deildarforseti og prófessor við Matvæla- og næringarfræðideild og Ingibjörg Gunnarsdóttir, prófessor við Matvæla- og næringarfræðideild.

Kynningar á námi og margs konar heilbrigðisþjónustu fóru fram á Háskólatorgi. Botninn á Heilsudeginum var sleginn með áhugaverðum fyrirlestri Karls Andersen, hjartasérfræðings og prófessors við Læknadeild, um



Stund milli stríða. Hluti sviðsráðs HVS stillir sér upp á velheppnuðum Heilsudegi. Frá vinstri: Berglind Anna Magnúsdóttir, nemi í lækisfræði, Margrét Unnarsdóttir, nemi í sálfræði og fráfarandi formaður sviðsráðs HVS, Páll Óli Ólason, nemi í lækisfræði og næsti formaður sviðsráðs HVS og Valgerður Bjarnadóttir, nemi í lækisfræði, meðlimur í sviðsráði HVS.

lífsstílstengda sjúkdóma.

Sviðsráð Heilbrigðisvísindasviðs (SHÍ) stóð fyrir viðburðinum og á þakkir skildar fyrir þetta frábæra framtak. Margrét Unnarsdóttir, formaður sviðsráðsins segir að stefnan sé að endurtaka leikinn að ári. [Hér má sjá myndir frá Heilsudeginum.](#)

## Fjölmennasta ráðstefna HVS




Frá vinstri: Fanney Þórsdóttir, formaður ráðstefnufundar, Kristín Ingólfssdóttir, rektor Háskóla Íslands, Sighvatur Sævar Árnason, dósent við Læknadeild, Illugi Gunnarsson, menntamálaráðherra, Ólöf Birna Ólafsdóttir, Heiða María Sigurðardóttir, Ellen Alma Tryggvadóttir, Eydís Einarsdóttir, Anna Lilja Gunnarsdóttir, ráðuneyttisstjóri velferðarráðuneytisins, Magnús Karl Magnússon, prófessor og deildarforseti Læknadeildar, Páll Matthíasson, forstjóri Landspítalans, og Inga Þórsdóttir, forseti Heilbrigðisvísindasviðs. Mynd / Björn Gíslason.

Sautjándra ráðstefna Heilbrigðisvísindasviðs um rannsóknir í líf- og heilbrigðisvísindum við Háskóla Íslands fór fram á Háskólatorgi dagana 5. og 6. janúar 2015 og tókst afar vel. Yfir 800 manns skráðu sig á ráðstefnuna og var hún sú fjölsóttasta frá upphafi. Sérstaklega ánægjulegt þótti hversu margir nemendur við sviðið mættu á ráðstefnuna.

Ráðstefnan hófst með fyrirlestri Hans Tómasar Björnssonar, lækis við McKusick-Nathans erfðalækningatofnunina og Johns Hopkins háskólasjúkrahúsið, um Kabuki heilkennið og mögulega meðhöndlanlega ástæðu við þroskaskerðingu. Síðari ráðstefnudagurinn hófst með fyrirlestri Sigurðar Guðmundssonar, smitsjúkdóma-lækis og prófessors við Læknadeild um ebóluveiruna og dreifingu hennar í Afríku en Sigurður hefur unnið m.a. við uppbyggingu heilbrigðiskerfis í Malaví.

Almenningi var boðið til fræðslufundar en þar tóku til máls Arna Hauksdóttir, dósent við Miðstöð í lýðheilsuvísindum og Herdís Sveinsdóttir, prófessor við Hjúkrunarfræðideild. Að þessu sinni fjallaði Arna um náttúruhamfarir og heilsu á Íslandi og tækifæri til þekkingarsköpunar á alþjóðavettvangi í því samhengi. Herdís Sveinsdóttir, fjallaði um líf, heilsu og blæðingar kvenna út frá margs konar sjónarhornum í fyrirlestrinum „Góðar og blessaðar tíðir.“ [Næsta ráðstefna verður haldin í janúar 2017.](#)

# Háskólinn á ferð og flugi



Kyrílát stund í blöskaparveðri á Ísafirði.  
Mynd / Björn Gíslason.

Fulltrúar Háskóla Íslands voru á ferð um landið dagana 10.- 19. mars og kynntu nám og starfsemi skólans á sjö stöðum á landsbyggðinni.

Líkt og á Háskóladeginum, eru sameiginlegar kynningar með öðrum háskólum landsins.

Viðkomustaðirnir í ár voru; Höfn í Hornafirði, Egilsstaðir, Akureyri, Ísafjörður, Grundarfjörður, Borgarnes og Selfoss.

Veðurguðirnir léku við hvern sinn fingur í hringferðinni og fyrstu vorboðarnir létu sjá sig. Námskynningar voru vel sóttar og

tóku íbúar og framhaldsskólanemar kynningunum almennt fagnandi.

Nemendur á Höfn voru afar áhugasamir um námsframboð Háskóla Íslands.



## Peter Holbrook hlýtur alþjóðleg verðlaun

Peter Holbrook, prófessor við Tannlæknadeild Háskóla Íslands og sérfræðingur í munnlyflæknisfræði á Landspítalanum, fékk á dögnum virt vísindaverðlaun frá alþjóðlegum samtökum sem helguð eru rannsóknum í tannlæknisfræði (IADR). Verðlaunin eru veitt fyrir

mikilvægt framlag til rannsókna á sviði lyfjapróunar í munnlyflæknisfræði. Verðlaunin, sem veitt eru árlega, voru afhent við hátíðlega athöfn í Boston í Bandaríkjunum í marsmánuði og flutti þá Peter erindi um nýjungar í lyfjameðferð í munnholi.

Í umsögn samtakanna segir að verðlaunin séu veitt fyrir framúrskarandi rannsókn sem er einkar mikilvæg fyrir þróun á lyfjum í tannlæknisfræði á alþjóðavettvangi.

Peter Holbrook hefur verið ötull vísindamaður við Tannlæknadeild Háskóla Íslands um árabíl og er mikilsvirtur innan lands sem utan. Á undanförunum árum hefur hann unnið að rannsóknum og þróun á lyfjaformum til notkunar á ýmsum sjúkdómum á munnslímhúð, m.a. sýkinga af völdum baktería, sveppa og veira, ásamt sára í munn í samstarfi við vísindamenn við Lyfjafræðideild og Raunvísindadeild háskólans. Rannsóknarhópurinn stofnaði sprotafyrirtækið Líf-Hlaup árið 1998, sem m.a. vinnur að þróun lyfja gegn herpes-sýkingum

og munnangri. Árið 2005 var fyrirtækið sameinað sprotafyrirtækinu LipoMedica undir merkjum LífHlaups en sama ár hlutu stofnendur fyrirtækisins; Peter Holbrook, Þórdís Kristmundsdóttur, prófessor við Lyfjafræðideild, Halldór Þormar, prófessor emeritus við Líffræðistofnun háskólans og Skúli Skúlason, framkvæmdarstjóri LífHlaups, alþjóðleg verðlaun IADR/ Glaxo fyrir nýsköpun í meðferð munnholssjúkdóma.

Peter Holbrook lauk námi í tannlæknisfræði frá Edinborgarháskóla árið 1972 og doktorsprófi í örverufræði munns frá sama háskóla árið 1976. Síðar lauk hann sérfræðinámi í örverufræði- og lyflæknisfræði munns. Peter hóf störf við Tannlæknadeild Háskóla Íslands árið 1981.

[Sjá nánar á vefsíðu samtakanna IADR \(International Association for Dental Research\).](#)



Peter Holbrook á rannsóknarstofu sinni í Læknagarði. Hann hlaut nýverið alþjóðleg vísindaverðlaun fyrir afar mikilvægt framlag til rannsókna á sviði lyfjapróunar í munnlyflæknisfræði.

# Þing Heilbrigðisvísindasviðs

Árlegt þing Heilbrigðisvísindasviðs fer fram miðvikudaginn 22. apríl nk. í Hátíðasal Háskóla Íslands, Aðalbyggingu. Starfsfólk sviðsins er hvatt til þess að fjölmenna. Fræðasviðsþing eru samráðsvettvangur þar sem fram fer opin umræða um innri málefni sviðsins.

## Dagskrá

- 13:00 - 13:10 **Þingsetning**  
Inga Þórsdóttir, forseti Heilbrigðisvísindasviðs
- 13:10 - 13:30 **Heilbrigðiskerfið og áherslur Embættis landlæknis**  
Birgir Jakobsson, landlæknir
- 13:30 - 13:55 **Skýrsla forseta Heilbrigðisvísindasviðs**  
Inga Þórsdóttir, prófessor.
- 13:55 - 14:10 **Rödd nemenda.**
- 14:10 - 14:30 **Húsnæðimál Heilbrigðisvísindasviðs**  
Guðmundur R. Jónsson, framkvæmdastjóri fjármála og reksturs HÍ
- 14:30 - 15:00 **Kaffi**
- 15:00 - 15:20 **Heilsutorg**  
Sóley S. Bender, prófessor við Hjúkrunarfræðideild og formaður stýrihóps um Heilsutorg
- 15:20 - 16:40 **Heilsubrunnur HVS**  
Ásta Thoroddsen, prófessor við Hjúkrunarfræðideild og Þorvarður Löve, lektor við Læknadeild
- 16:00 **Önnur mál og þingslit**

Fundarstjóri verður Helga Jónsdóttir, forseti Hjúkrunarfræðideildar. Boðið verður upp á veitingar að dagskrá lokinni.

[Vinsamlega skráið þátttöku með því að smella hér.](#)



## Ný námskrá í hjúkrunarfræði

Hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands hefur gefið út nýja námskrá í hjúkrunarfræði sem felur í sér breyttar áherslur í grunnnámi. Við endurskoðun námsins var einkum horft til þess að öldruðum og langveikum fer fjölgandi, auk þess að kostnaðarvitund hefur aukist og meiri kröfur eru um að veita heilbrigðisþjónustu úti í samfélaginu fremur en á sjúkrahöfnum.

Sérstök áhersla er lögð á að efla þann þátt námsins sem fjallar um færni í hjúkrun bráðveikra, langveikra og aldraðra ásamt heima-hjúkrun og heilsuvernd. Þessi svið hjúkrunar hafa stækkað og nauðsynlegt að koma betur til móts við auknar þarfir á þessum sviðum. Ný námskrá felur í sér áherslu á; gagnrýna hugsun og sjálfstæði, rannsóknir, gagnreynda þekkingu og vinnubrögð, samþættingu

grunngreina og hjúkrunargreina, heilsugæslu og heilsuvernd, langveika og heimahjúkrun, undirbúning nemenda í hermipjálfun og vinnuálag nemenda.

Þá er lagt upp með að jafna vinnuálag nemenda í námskeiðum þar sem vinnuframlag að baki hverri ECTS-einingu hefur verið skilgreint. Kerfisbundið eftirlit með innihaldi og

gæðum náms verður innleitt, þar sem eftirlit verður haft með gæðum allra námskeiða og námsins í heild. Hluti af því að tryggja gæði er að öll námskeið í deildinni séu í umsjón fastráðinna kennara. Gert er ráð fyrir að hluti af námi til BS-prófs verði metinn til meistaraþrófs og með því stýttist það nám umtalsvert. Vænta má niðurstöðu þeirrar vinnu síðar á árinu.



Í nýrri námskrá er m.a. lögð sérstök áhersla á færni í hjúkrun aldraðra. Mynd / Kristinn Ingvarsson.

Undirbúningur breytinga á námskrá var unnin í samvinnu við Hjúkrunarfræðideild Háskólans á Akureyri. Kennsla hefst samkvæmt nýrri námskrá á fyrsta ári í grunnnámi í hjúkrunarfræði í haust. Nemendur sem hófu nám í hjúkrunarfræði fyrir þann tíma fylgja eldri námskrá.

[Námskráin er aðgengileg á vefsíðu Hjúkrunarfræðideildar.](#)

# Styrkjafréttir

## Rannsóknasjóður Háskóla Íslands

Í upphafi árs var úthlutað úr Rannsóknasjóði Háskóla Íslands fyrir árið 2015. Alls hlutu 78 verkefni frá Heilbrigðisvísindasviði styrk og nemur heildarupphæð styrkjanna tæplega 76 milljónum króna. Hæstu styrkfjárhæðirnar námu 1,7 milljónum króna en meðalupphæð styrkja var 972 þúsund krónur. Við óskum styrkþegum innilega til hamingju. [Sjá nánar á vefsíðu Rannsóknasjóðs HÍ.](#)

## Rannsóknasjóður Rannís

Nýlega var úthlutað úr Rannsóknasjóði Rannís fyrir árið 2015. Vísindamenn við Heilbrigðisvísindasvið fengu úthlutað þrettán styrkjum til nýrra verkefna, þar af tveggja öndvegisverkefna (sjá frétt). Við óskum styrkþegum innilega til hamingju. [Sjá nánar á vefsíðu Rannís.](#)

## Stefnumótun Rannsóknasjóðs Rannís

Stjórn Rannsóknasjóðs Rannís hefur í vetur haldið fundi vegna stefnumótunar sjóðsins í tilefni af yfirstandandi stækkun hans samkvæmt aðgerðaáætlun Vísinda- og tækniráðs 2014-2016. Byggt á þeim sjónarmiðum sem komið hafa fram á þessum fundum, hefur stjórnin sett saman tillögur að nýrri útfærslu styrkja- og matsfyrirkomulagi sjóðsins, m.a. með fjölgun fagráða. [Opíð er fyrir athugasemdir til 13. apríl nk.](#)

# Áhrif tekjuójöfnuðar á líðan unglunga

## Verkefnastyrkur

Ragna B. Garðarsdóttir, dósent við Sálfræðideild hlaut ásamt Jóni Gunnari Bernburg, prófessor við Félags- og mannvísindadeild, Örn Hauksdóttur, dósent við Miðstöð í lýðheilsuvísindum og Ingu Dóru Sigfúsdóttur, prófessor við Viðskiptafræðideild Háskólans í Reykjavík, verkefnastyrk frá Rannís að upphæð tæplega 6 milljónir króna fyrsta árið en styrkurinn er til þriggja ára og verða greiðslur háðar framvindu verkefnisins.

Verkefnið nefnist: „Áhrif tekjuójöfnuðar og félagsauðs á sálræna líðan íslenskra tánunga.“ Slík rannsókn hefur ekki verið gerð áður hér á landi eftir bestu vitund rannsakenda en stuðst verður við langtíma-gögn ráðgjafafyrirtækisins Rannsóknir og greiningu á högum og líðan ungmenna. Auk gagnasafnsins, gefa gögn frá Hagstofu Íslands um nýlegar sveiflur í tekjudreifingu á Íslandi, einstak tækifæri til að kanna tekjutengdan ójöfnuð og áhrif hans á líðan.

Arndís Vilhjálmsdóttir, doktorsnemi í sálfræði mun framkvæma rannsóknina undir leiðsögn Rögnu B. Garðarsdóttir. Arndís segir að erlendar rannsóknir bendi til þess að samfélagslegur tekjuójöfnuður hafi töluverð tengsl við líkamlega og andlega heilsu (t.d. dánartíðni, offitu, þunglyndi og álagstengd einkenni). „Það er þó ennþá óljóst, hvort og hvernig tekjuójöfnuðurinn orsakar verri heilsu, þ.e.a.s. hvernig bilið milli ríkra og fátækra, út af fyrir sig og umfram tekjur, hefur áhrif á heilsu. Ein útskýring er sú, að tekjuójöfnuður hafi áhrif á samfélagslega einingu, eða félagsauð, sem minnkar eftir því sem tekjubilið verður stærra. Þannig má líta svo á, að orsakir verri heilsu séu nokkuð flókið samspil hagfélagslegra þátta. Eftir því sem bilið milli ríkra og fátækra er breiðara, því meiri upplausn og ósamstaða er í samfélaginu sem orsakar verri líðan og heilsu einstaklinga,“ segir Arndís en fyrstu niðurstöður munu birtast í haust en



Arndís Vilhjálmsdóttir, doktorsnemi í sálfræði framkvæmir rannsóknina undir leiðsögn Rögnu B. Garðarsdóttur, dósentis við Sálfræðideild.

vænta má að heildarniðurstöður verkefnisins liggi fyrir haustið 2016.

Rannsóknin mun bæta við ört stækkandi fræðasvið sem fjallar um tekjutengdan heilsuójöfnuð, bæði innan félags- og heilbrigðisvísinda.

# Stórstígar framfarir í rannsóknum á sortuæxlum og brjóstakrabbameini

## Öndvegisstyrkur



Þórarinn Guðjónsson, prófessor við Læknadeild og samstarfsmenn hans hlutu öndvegisstyrk frá Rannís.

Þórarinn Guðjónsson, prófessor við Læknadeild hlaut ásamt Gunhild Maelandsmo, vísindamanni við Háskólasjúkrahúsið í Osló, Þórði Óskarssyni, vísindamanni við Heidelberg Institute for Stem Cell Technology and Experimental Medicine, Jóni Þór Bergþórssyni, lektor við Læknadeild, og Magnúsi Karli Magnússyni, prófessor og deildarforseta við Læknadeild, öndvegisstyrk frá Rannís að upphæð nærri 34 milljónir króna fyrsta árið.

Verkefnið nefnist: „Hlutverk æðapelsfruma í þroskun og sérhæfingu eðlilegra og illkynja þekjufurma í brjóstskirtli.“ Rannsókn-

inni er ætlað að bera kennsl á mikilvæga þætti í þroskun og krabbameinsframvindu sem getur leitt til bættrar meðferðar brjóstakrabbameinssjúklinga.

Rannsóknarhópurinn hefur starfað saman um árabíl og hafa fyrri rannsóknir hópsins sýnt fram á mikilvægi æðapels í stjórn á myndun greinóttra formgerðabandvefsumbreytingar þekjufurma. Markmið þessarar rannsóknar er að halda áfram þróunarvinnu við að bera kennsl á þau boðefni sem æðapelið seytir og hefur áhrif á greinamyndun og bandvefsumbreytingu.

## Öndvegisstyrkur

Eiríkur Steingrímsson og Helga M. Ógmundsdóttir, prófessorar við Læknadeild, Helga Zoéga, dósent í lýðheilsuvísindum, og Margrét H. Ógmundsdóttir, nýdoktor við Læknadeild, hlutu ásamt Vésteini Þórssyni, vísindamanni við Institute of System Biology í Seattle í Bandaríkjunum, Gunnari Bjarna Ragnarssyni, sérfræðingi í krabbameinslækningum við Landspítalann, Lionel Larue, rannsóknastjóra við Curie-stofnunina í Frakklandi, og Deborah Goberdhan, vísindamanni við Oxford-háskóla, öndvegisstyrk frá Rannís að upphæð tæplega 28 milljónir króna fyrsta árið.

Verkefnið nefnist: „v-ATPase, pH and cancer“. Markmiðið er að auka skilning á því hvernig MITF stjórnar tjáningu ensímsins v-ATPasa í sortuæxlum og á áhrifum v-ATPasa hindra á sortuæxlisfrumum í rækt og dýrum. Auk þess verður

notast við lyfjagagnagrunn, Krabbameinsskrá og aðra gagnagrunna til að skoða hvaða áhrif hindrar hafa á horfur og meðferð við krabbameini. Eiríkur segir að læknisfræðilegur árangur af rannsóknum af þessu tagi sé góður. „Vegna grunnrannsókna á

sortuæxlum hafa orðið stórstígar framfarir í meðferð þeirra á síðustu fimm árum. Þróuð hafa verið ný lyf gegn stökkbreyttu próteini sem er ofvirkt í um helmingi allra sortuæxla og í raun gegn sérstöku boðferli sem þetta prótein tilheyrir. Og nýlega hafa verið þróuð lyf sem hvetja ónæmiskerfið til að ráðast á sortuæxli. Í raun eru sortuæxli núna notuð sem fyrirmynd að því hvernig hægt er að nota þekkingu sem verður til við grunnrannsóknir til að þróa lyf.“

Aðspurður segir Eiríkur að íslenskir vísindamenn standi ágætlega í alþjóðlegum samanburði þegar kemur að krabbameinsrannsóknum, bæði hvað varðar grunnrannsóknir og læknisfræðilegar rannsóknir.



Frá vinstri: Diahann Atacho, doktorsnemi, Erna Magnúsdóttir, rannsóknasérfræðingur, Lionel Larue, prófessor, Margrét Ógmundsdóttir, rannsóknasérfræðingur, Josue Ballesteros, doktorsnemi, Katrín Möller, MS-nemi, Remina Dilixiati, doktorsnemi, Kristín Bergsteinsdóttir, sérfræðingur, Kristján Hólm, MS-nemi, Indriði Einar Reynisson, BS-nemi, Sólveig Brynjólfssdóttir, BS-nemi, Sigurður Guðmundsson, MS-nemi, Stefán Hafsteinsson, BS-nemi, Kimberley Anderson, doktorsnemi, Colin Goding, prófessor og Eiríkur Steingrímsson, prófessor.





# Þróar sýklalyfjasprotu úr sjávar- og ferskvatns geislabakteríum

## Verkefnastyrkur

Sesselja S. Ómarsdóttir, deildarforseti og prófessor við Lyfjafræðideild hlaut ásamt Brian T. Murphy, dósent við Efnifræðideild Háskólans í Illionois, Chicago í Bandaríkjunum styrk frá Rannís að fyrir verkefnið: „Smásameindir úr íslenskum sjávar- og ferskvatnsörverum sem hafa áhrif á dvalarform berklabakteríunnar“.

Um þriðjungur mannkyns er smitaður af berklabakteríunni *Mycobacterium tuberculosis* og

felst rannsóknaverkefnið í því að uppgötva og þróa sýklalyfjasprotu úr sjávar- og ferskvatns geislabakteríum (*Actinomycetes*).

Samstarf þeirra Sesselju og Brian T. Murphy miðar að því að byggja upp rannsóknir á lyfjasprotum úr örverum við Háskóla Íslands og þar með að efla enn frekar þær rannsóknir á lyfjavirkum náttúruæfnum sem fyrir eru (s.s. á plöntum, fléttum og sjávarhryggleysingjum). Til þess að ná þessu markmiði er

ætlunin að safna seti, svömpum og þara af Íslandsmiðum og einangra um þúsund stofna af geislabakteríum úr þessum sýnum; útbúa efnabanka og skima fyrir hindrandi áhrifum efnabáttanna á bæði virkt form og dvalarform berklabakteríunnar og bera kennsl á mögulega berklalyfjasprotu.

Heildarupphæð styrksins nemur 36 milljónum króna, eða 12 milljónir á ári í þrjú ár og verða greiðslur háðar framvindu verkefnisins.

## Næstu umsóknarfrestir

- 13. apríl:** [Nýdoktorastyrkir Háskóla Íslands](#)  
**21. apríl:** [Horizon 2020- Personalising health and care](#)  
**24. apríl:** [RISE - Reserach and Innovation Staff Exchange](#). Áætlunin er hluti af Marie Sklodovska Curie áætluninni og miðar að alþjóðlegum og/eða þverfaglegum rannsóknum og nýsköpun í gegnum starfsmannaskipti.  
**15. maí:** [Erasmus+](#) Nám og þjálfun á háskólastigi: Kennarar og starfsfólk

Nánari upplýsingar um styrki og sjóði má finna á forsiðu Heilbrigðisvísindasviðs í Uglu.



# Doktorsvarnir

Doktorsvarnir við HVS frá lok ágúst 2014 til mars 2015.

Marteinn Þór Snæbjörnsson doktor í líf- og læknávisindum við Læknadeild



## Mögulegt stjórnunarhlutverk glýkólýsu í fósturþroskun

Andmælendur voru Thomas Dickmeis, prófessor og hópstjóri við Institute of Toxicology and Genetics við Karlsruhe Institute of Technology í Þýskalandi, og dr. Óttar Rólfsson, lektor við Læknadeild Háskóla Íslands. Leiðbeinandi var dr. Alexander Aulehla, hópstjóri við þroskunarlíffræðideild European Molecular Biology Laboratory (EMBL), og tengiliður við Háskóla Íslands var dr. Pétur H. Petersen, dósent við læknadeild skólans.

Athöfnin fór fram 2. mars 2015 og henni stjórnaði Magnús Karl Magnússon, prófessor og deildarforseti Læknadeildar.

Eric Sampane-Donkor doktor í lýðheilsuvísindum við Læknadeild



## Rannsókn á heilablóðfalli í Suður-Gana: Faraldsfræði, lífsgæði og samfélagsviðhorf

Andmælendur voru dr. Adesola Ogunniyi, prófessor við University College Hospital í Nígeríu, og dr. Sigurður Guðmundsson, prófessor við Læknadeild Háskóla Íslands. Umsjónarkennari og leiðbeinandi var dr. Vilmundur Guðnason, prófessor við Læknadeild Háskóla Íslands. Auk Vilmundar sátu í doktorsnefnd dr. Patrick Bampoe, framkvæmdastjóri lækninga í Tamale í Gana, dr. Mayowa Owolabi, heila- og taugasérfræðingur við University College Hospital í Lagos, dr. Karl K. Andersen, prófessor við Læknadeild Háskóla Íslands, og dr. Thor Aspelund, dósent við sömu deild.

Athöfnin fór fram 12. febrúar 2015 og henni stjórnaði Magnús Karl Magnússon, prófessor og deildarforseti Læknadeildar.

Erla Björnsdóttir doktor í líf- og læknávisindum við Læknadeild



## Svefnleysi, þunglyndi og lífsgæði sjúklinga með kæfisvefn

Andmælendur voru dr. Jerker Hetta, prófessor og sérfræðingur í geðlækningum við Karolinska Institutet í Stokkhólmi, og dr. Heiðís Valdimarsdóttir, PhD sálfræðingur og prófessor við Háskólann í Reykjavík og Mount Sinai School of Medicine í New York. Umsjónarkennari var dr. Bryndís Benediksdóttir, prófessor við Læknadeild Háskóla Íslands, og leiðbeinandi var dr. Jón Fr. Sigurðsson, prófessor við sömu deild. Auk þeirra sátu í doktorsnefnd dr. Þórarinn Gíslason, einnig prófessor við Læknadeild Háskóla Íslands, Allan I. Pack, prófessor við University of Pennsylvania og Samuel T. Kuna, prófessor við University of Pennsylvania

Athöfnin fór fram 22. janúar 2015 og henni stjórnaði Magnús Karl Magnússon, prófessor og deildarforseti Læknadeildar.

Þorbjörg Jónsdóttir doktor í hjúkrunarfræði við Hjúkrunarfræðideild



## Langvinnir verkir, heilsutengd lífsgæði, notkun á heilbrigðisþjónustu og samskipti við heilbrigðisstarfsmenn vegna langvinnra verkja meðal íslensks almennings

Andmælendur voru dr. Tone Rustøen, prófessor við Háskólann í Ósló, og dr. Stefán Hrafn Jónsson, dósent við Félags- og mannvísindadeild Háskóla Íslands. Sameiginlegir leiðbeinendur og umsjónarkennarar í verkefningu voru dr. Sigríður Gunnarsdóttir, dósent við Hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands og framkvæmdastjóri hjúkrunar á LSH, og dr. Helga Jónsdóttir, deildarforseti Hjúkrunarfræðideildar Háskóla Íslands.

Athöfnin fór fram 16. desember 2014 og henni stjórnaði Dr. Inga Þórsdóttir, forseti Heilbrigðisvísindasviðs.

Margrét Bessadóttir doktor í líf- og læknávisindum við Læknadeild



## Áhrif fléttuefnanna úsnínsýru og prótólícheisterínsýru á orku- og fituefnaskipti í krabbameinsfrumum

Andmælendur voru dr. Atso Raasmaja, dósent við Háskólann í Helsinki, og dr. Pétur Henry Petersen, dósent við Læknadeild Háskóla Íslands. Leiðbeinandi í verkefningu var dr. Sesselja Ómarsdóttir, prófessor við Lyfjafræðideild Háskóla Íslands.

Athöfnin fór fram 12. desember 2014 og henni stjórnaði Dr. Unnur Anna Valdimarsdóttir, prófessor og varadeildarforseti Læknadeildar.

Johanna Mareile Schwenteit doktor í líf- og læknávisindum við Læknadeild



## Rannsóknir á sykingarmætti *Aeromonas salmonicida* undirteg. *achromogenes* í bleikju, *Salvelinus alpinus* L., með áherslu á hlutverk *AsaP1* peptíðasa í seyti bakteríunnar

Andmælendur voru dr. Henning Sørum, prófessor við Dýralæknaháskólann í Ósló, og dr. Ingileif Jónsdóttir, prófessor við Læknadeild Háskóla Íslands. Umsjónarkennari og leiðbeinandi var dr. Bjarnheiður K. Guðmundsdóttir, vísindamaður og kennslustjóri framhaldsnáms í Læknadeild Háskóla Íslands.

Athöfnin fór fram 15. desember 2014 og henni stjórnaði Magnús Karl Magnússon, prófessor og deildarforseti Læknadeildar.

# Doktorsvarnir frh.

Guðný Lilja Oddsdóttir doktor í líf- og læknávisindum við Læknadeild



## Hreyfistjórn í hálsi – Flugan sem nýtt greiningartæki fyrir hreyfistjórn háls hryggjar

Andmælendur voru dr. Eva-Maj Malmström, prófessor við Háskólann í Lundi, og Mikael Karlberg, dósent og yfirlæknir við ÖNH-kliniken í Svíþjóð. Leiðbeinandi í verkefninu var dr. Eypór B. Kristjánsson, sjúkráþjálfari, og umsjónarkennari var María Þorsteinsdóttir, sjúkráþjálfari og dósent við Læknadeild Háskóla Íslands. Auk þeirra sátu í doktorsnefnd dr. Hannes Petersen, prófessor við Læknadeild Háskóla Íslands, dr. Ella Kolbrún Kristinsdóttir og dr. Michele Sterling.

Athöfnin fór fram 5. desember 2014 og henni stjórnaði dr. Unnur Anna Valdimarsdóttir, prófessor og varaforseti Læknadeildar.

Sævar Ingbórsson doktor í líf- og læknávisindum við Læknadeild



## Hlutverk EGFR-viðtakafjölskyldunnar í eðlilegum og illkynja brjóstskirtli

Andmælendur voru dr. Senthil Muthuswamy, dósent við Cold Spring Harbor Laboratory í New York, og dr. Þórunn Rafnar, verkefnastjóri hjá Íslenskrí erfðagreiningu. Sameiginlegir leiðbeinendur og umsjónarkennarar í verkefninu voru dr. Magnús Karl Magnússon, prófessor og deildarforseti Læknadeildar Háskóla Íslands, og dr. Þórarinn Guðjónsson, prófessor við sömu deild.

Athöfnin fór fram 28. nóvember 2014 og henni stjórnaði dr. Unnur Anna Valdimarsdóttir, prófessor og varaforseti Læknadeildar.

Zoltán Fülöp doktor í lyfjávísindum við Lyfjafræðideild



## Sýklódextrín-nanóagnir sem lyfjaferjur

Andmælendur voru dr. Dominique Duchêne frá Université Paris-Sud og dr. Sveinbjörn Gizurarson, prófessor við Lyfjafræðideild Háskóla Íslands. Leiðbeinandi í verkefninu var dr. Þorsteinn Loftsson, prófessor við Lyfjafræðideild Háskóla Íslands. Auk hans sátu í doktorsnefnd dr. Ruxandra Gref frá Parísarháskóla og dr. Kim Lambertsen Larsen frá Álaborgarháskóla, ásamt prófessorunum Hákonni Hrafn Sigurðssyni og Einari Stefánssyni frá Háskóla Íslands, en Einar var jafnframt formaður doktorsnefndar.

Athöfnin fór fram 27. nóvember 2014 og henni stjórnaði dr. Már Másson, deildarforseti Lyfjafræðideildar.

Sigríður Zoëga doktor í hjúkrunarfræði við Hjúkrunarfræðideild



## Gæða verkjameðferð á sjúkrahúsi

Andmælendur voru dr. Gwen Sherwood, prófessor við Chapel Hill School of Nursing - University of North Carolina, og dr. Tómas Guðbjartsson, prófessor við Læknadeild Háskóla Íslands. Leiðbeinandi var dr. Sigríður Gunnarsdóttir, dósent við Hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands og framkvæmdastjóri hjúkrunar á Landspítala.

Athöfnin fór fram 7. nóvember 2014 og henni stjórnaði dr. Helga Jónsdóttir, deildarforseti Hjúkrunarfræðideildar.

Varsha Ajaykumar Kale doktor í lyfjávísindum við Lyfjafræðideild



## Lífvirkar sulfateraðar fjölskykrur úr sæbjúganu Cucumaria frondosa og ensím sem umbreyta slíkum lífefnum

Andmælendur voru dr. Ágústa Guðmundsdóttir, prófessor við Matvæla- og næringarfræðideild Háskóla Íslands, og dr. Maher Abou Hachem, lektor við Danmarks Tekniske Universitet (DTU). Leiðbeinendur í verkefninu voru dr. Sesselja Ómarsdóttir, prófessor við Lyfjafræðideild Háskóla Íslands, dr. Guðmundur Óli Hreggviðsson, prófessor við Líf- og umhverfisvísindadeild Háskóla Íslands, og dr. Ólafur H. Friðjónsson, verkefnastjóri hjá Mátis.

Athöfnin fór fram 3. nóvember 2014 og henni stjórnaði dr. Már Másson, deildarforseti Lyfjafræðideildar.

Óla Kallý Magnúsdóttir doktor í næringarfræði við Matvæla- og næringarfræðideild



## Heilkorn - mikilvægur hluti af heilsusamlegu norrænu mataræði. Lífvisar fyrir neyslu heilkornahveitis og -rúgs

Andmælendur voru dr. Ann-Sofie Sandberg, prófessor við Chalmers tækniháskólann í Gautaborg, og dr. Ingibjörg Harðardóttir, prófessor við Læknadeild Háskóla Íslands. Leiðbeinendur í verkefninu voru dr. Inga Þórsdóttir, prófessor og forseti Heilbrigðisvísindasviðs Háskóla Íslands, og dr. Ingibjörg Gunnarsdóttir, prófessor við Matvæla- og næringarfræðideild Háskóla Íslands og forstöðumaður Rannsóknastofu í næringarfræði við sama skóla.

Athöfnin fór fram 24. október 2014 og henni stjórnaði dr. Þórhallur Ingi Halldórsson, deildarforseti Matvæla- og næringarfræðideildar.

# Doktorsvarnir frh.

Hanne Krage Carlsen doktor í lýðheilsuvísindum við Læknadeild



## Heilbrigðisáhrif loftmengunar á Íslandi - öndunarfæraheilsa í eldgosumhverfi

Andmælendur voru dr. Francesca Dominici, prófessor við Harvard School of Public Health, og dr. Vilhjálmur Rafnsson, prófessor við Læknadeild Háskóla Íslands. Leiðbeinandi Hanne Krage var dr. Anna Oudin, sérfræðingur við Háskólann í Lundi, og umsjónarkennari var Þórarinn Gíslason, prófessor við Læknadeild Háskóla Íslands. Auk þeirra sátu í doktorsnefnd dr. Bertil Forsberg, prófessor við Læknadeild Umeå Háskólans, dr. Anna-Carin Olin, prófessor við Sahlgrenska Háskólann í Gautaborg og dr. Unnur Anna Valdimarsdóttir, prófessor og varadeildarforseti Læknadeildar Háskóla Íslands. Ritgerðin var unnin við Læknadeild Háskóla Íslands og Umeå Háskóla í Svíþjóð.

Athöfnin fór fram 10. október 2014 og henni stjórnaði dr. Unnur Anna Valdimarsdóttir, prófessor og varaforseti Læknadeildar.

Jóhanna Bernharðsdóttir doktor í hjúkrunarfræði við Hjúkrunarfræðideild



## Þróun og mat á stuttri hugrænni atferlismeðferð í hópum til að draga úr sálrænni vanlíðan meðal íslenskra kvenstúdenta

Andmælendur voru dr. Ann Peden prófessor við Capital University, Columbus, Ohio og dr. Eiríkur Örn Arnarsson prófessor við Læknadeild, Háskóla Íslands. Leiðbeinendur í verkefninu voru dr. Rúnar Vilhjálmsson, prófessor við Hjúkrunarfræðideild, Háskóla Íslands og dr. Jane Dimmit Champion, prófessor við Háskólann í Texas.

Athöfnin fór fram 29. ágúst 2014 og henni stjórnaði dr. Helga Jónsdóttir, forseti Hjúkrunarfræðideildar.

Ómar I. Jóhannesson doktor í sálfræði við Sálfræðideild



## Miðlæg-hliðlæg ósamhverfa í skilvirkni augnstökka og áhrif líkinda-möndls með lendingarstað á viðbragðstíma þeirra

Andmælendur voru dr. Þór Eysteinnsson, prófessor við Læknadeild Háskóla Íslands og dr. Heiner Deubel, prófessor við Ludwig-Maximilians-Universität í Hollandi. Leiðbeinandi var Árni Kristjánsson, dósent við Sálfræðideild Háskóla Íslands, sem sat í doktorsnefnd ásamt dr. H. Magnúsi Haraldssyni, dósent við Læknadeild Háskóla Íslands og dr. Jay Edelman, dósent við The City University of New York.

Athöfnin fór fram 26. september 2014 og henni stjórnaði dr. Sigurður J. Grétarsson, prófessor og forseti Sálfræðideildar.

Valgerður Tómasardóttir doktor í líf- og læknávisindum við Læknadeild



## Áhrif fiskolíu í fæði á byrjunar- og lausnarfasa vakamiðlaðrar bólgu

Andmælendur voru dr. Jenifer I. Fenton, dósent við Háskólann í Michigan og dr. Ingileif Jónsdóttir, prófessor við Læknadeild Háskóla Íslands. Leiðbeinendur í verkefninu voru dr. Ingibjörg Harðardóttir, prófessor við Læknadeild Háskóla Íslands og dr. Jóna Freysdóttir, einnig prófessor við Læknadeild Háskóla Íslands og sérfræðingur á Önæmisfræðideild Landspítala Háskólasjúkrahúsi.

Athöfnin fór fram 26. september 2014 og henni stjórnaði dr. Magnús Karl Magnússon, prófessor og forseti Læknadeildar.

# Kynningarfyrirlestrar prófessora

Nokkrir kynningarfyrirlestrar nýrra prófessora við Heilbrigðisvísindasvið hafa farið fram í vetur. Bryndís Benediktssdóttir, prófessor við Læknadeild, Hákon Hrafn Sigurðsson, prófessor við Lyfjafræðideild, Sesselja S. Ómarsdóttir, prófessor við Lyfjafræðideild og Þórhallur I. Halldórsson, prófessor við Matvæla- og næringarfræðideild eru á meðal þeirra sem haldið hafa fyrirlestra. Viðburðirnir hafa tekist einkar vel og verið vel sóttir. Á döfinni eru fleiri kynningarfyrirlestrar og eru áhugasamir hvattir til að fylgjast með auglýsingum á [forsíðu Heilbrigðisvísindasviðs í Uglu.](#)



Inga Þórsdóttir, forseti HVS og Þórhallur Ingil Halldórsson, deildarforseti og prófessor við Matvæla- og næringarfræðideild við stórskemmtilegan kynningarfyrirlestur Þórhalls sem fram fór á Landspítalanum 29. janúar sl.

# Fréttir af vefsíðu HVS



## Á þriðja hundrað þreytti A-próf í Háskóla Íslands

Tæplega 250 manns þreyttu svokallað Aðgangspróf fyrir háskólastig, eða A-próf, í Háskóla Íslands og á samstarfsstöðum skólans á landsbyggðinni laugardaginn 31. mars vegna inntöku nema í þrjár deildir skólans. Prófið verður haldið aftur í júní og þá bætist fjórða deildin við... [meira](#)



## Háskólatorg undirlagt af áhuga og þekkingu á heilsu

Fjöldmargir lögðu leið sína á Háskólatorg fimmtudaginn 19. mars sl. en þá var Heilsudagur sviðsráðs Heilbrigðisvísindasviðs (SHÍ) haldinn í fyrsta sinn. Í boði voru ýmsir viðburðir, fyrirlestrar og kynningar þar sem heilsutengd málefni voru í brennidepli... [meira](#)



## Forvarnir gegn bakteríusýkingum í fiskeldi

Bjarnheiður K. Guðmundsdóttir, vísindamaður og kennslustjóri framhaldsnáms við Læknadeild Háskóla Íslands, fjallar um rannsóknir á fisksjúkdómum og þróun forvarna gegn sjúkdómum í fiskeldi í fimmta erindi fyrirlestraraðarinnar Vísindi á mannamáli í Háskóla Íslands... [meira](#)



## Samstarf HÍ og HR um rannsóknir í lífvísindum

Fimmtudaginn 19. mars undirrituðu rektorar Háskóla Íslands (HÍ) og Háskólans í Reykjavík (HR) samning milli tækni- og verkfræðideildar HR og Lífvísindaseturs HÍ um aukið rannsóknasamstarf háskólanna í lífvísindum þar sem sebrafiskar eru notaðir sem tilraunadýr... [meira](#)



## Viðurkenningar til doktorsnema í lyfjafræði

Tveir doktorsnemar við Lyfjafræðideild Háskóla Íslands, þau Chutimon Muankaew og Ingólfur Magnússon, hafa hlotið viðurkenningu úr Verðlaunasjóði Bergþóru og Þorsteins Schevings Thorsteinssonar lyfsala. Rannsóknir þeirra hafa það m.a. að markmiði að þróa nýja augndropa... [meira](#)



## Öndvegissetur um loftgæði og lýðheilsu fær risastyrk

Vísindamenn við Háskóla Íslands og Landspítala eru aðilar að nýju norrænu öndvegissetri um loftgæði og lýðheilsu sem fékk á dögnum ríflega 500 milljóna króna styrk frá NordForsk, stofnun sem hefur umsjón með rannsóknasamstarfi á Norðurlöndum... [meira](#)



## Fjöldmenni á ráðstefnu um stöðu doktorsnáms

Fjöldi manns sótti ráðstefnu um stöðu doktorsnáms við Háskóla Íslands sem fram fór á Hátíðarsal skólans hinn 19. febrúar. Efnit var til ráðstefnunnar að frumkvæði Miðstöðvar framhaldsnáms við Háskóla Íslands. Jón Atli Benediktsson, prófessor og aðstoðarrektor vísinda og kennslu... [meira](#)



## Lesblindurannsókn í Neuropsychology

Ný rannsókn sem vísindamenn við Sálfræðideild Háskóla Íslands hafa unnið og birtist fyrir helgi á vefsíðu vísindatímaritsins Neuropsychology leiðir í ljós vísbendingar um að lesblindir glími ekki aðeins við erfiðleika við að lesa heldur einnig að greina á milli andlita og annarra hluta sem eru mjög... [meira](#)



## Ódýr heilbrigðisþjónusta fyrir nema Háskóla Íslands

„Heilsutorg Háskóla Íslands er þverfræðileg og víðtæk heilbrigðisþjónusta fyrir alla nemendur skólans sem nemendur í heilbrigðisgreinum við háskólann veita,“ segir verkefnisstjórinn Mardís Karlsdóttir um Heilsutorgið sem verður opið frá og með 3. febrúar til 26. mars nk... [meira](#)



## Margþætt störf hjúkrunarfræðinga kynnt á krossgötum

„Á krossgötum“, kynningardagur nemenda á lokaári BS-náms í hjúkrunarfræði við Hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands, fór fram sjötta sinn í Eirbergi þann 23. janúar sl. Fjöldi fólks lagði leið sína í Eirberg til þess að kynna sér fjölbreyttan starfsvettvang hjúkrunarfræðinga... [meira](#)

# Fréttir af vefsíðu (framh.)



## Mæði-visnuveirur í sauðfé og tengsl við alnæmi

Vísindauppgötvanir á Íslandi tengdar veirusjúkdómum í sauðfé og mikilvægi þeirra fyrir skilning á alnæmisveirunni eru meginefni erindis sem Halldór Þormar, prófessor emeritus í frumulíffræði við Háskóla Íslands, flytur í Hátíðasal Háskóla Íslands þriðjudaginn 20. janúar kl. 12.10... [meira](#)



## Fjórar ungar vísindakonur verðlaunaðar fyrir rannsóknir sínar

Fjórar ungar vísindakonur voru verðlaunaðar fyrir rannsóknarverkefni sín á sautjándu ráðstefnu Heilbrigðisvísindasviðs um rannsóknir í líf- og heilbrigðisvísindum við Háskóla Íslands. Verðlaunin voru afhent við slit ráðstefnunnar á Háskólatorgi þann 6. janúar síðastliðinn... [meira](#)



## Inga og Páll sæmd fálkaorðu á nýársdag

Tveir prófessorar við Háskóla Íslands, þau Inga Þórsdóttir og Páll Einarsson, voru á nýársdag sæmd heiðursmerki hinnar íslensku fálkaorðu fyrir framlag sitt til rannsókna. Það var forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, sem veitti þeim og níu öðrum Íslendingum viðurkenninguna... [meira](#)



## Nám í svæfingarhjúkrun hlaut alþjóðlega viðurkenningu

Diplómanám á meistarastigi í svæfingarhjúkrun við Hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands hlaut í október 2014 vottun Alþjóðasamtaka svæfingarhjúkrunarfræðinga (International Federation of Nurse Anesthetists, IFNA) að undangegnu mati um að námið uppfylli æðstu menntunarkröfur... [meira](#)



## Styrkir til doktorsrannsókna á sviði ljósmóðurfræða

Tveir styrkir hafa verið veittir til rannsókna á sviði ljósmóðurfræða úr Minningarsjóði Bjargar Magnúsdóttur ljósmóður og Magnúsar Jónssonar bónda. Valgerður Lísa Sigurðardóttir hlýtur styrk til doktorsrannsóknar sinnar „Próun á meðferð fyrir konur með erfiða fæðingarreynslu“ og... [meira](#)



## Styrkur til áframhaldandi rannsókna á bólusetningum

Áhugaverðar fyrstu niðurstöður hafa fengist í rannsókn á áhrifum bólusetninga gegn pneumókökkum á Íslandi. Fyrirtækið GlaxoSmithKline hefur nú veitt 85 milljóna króna framhaldsstyrk til rannsóknarinnar sem mun standa yfir að minnsta kosti til ársins 2018... [meira](#)



## Akademískar nafnbætur til starfsmanna LSH og GRR

Sautján starfsmenn Landspítala – háskólasjúkrahúss og Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins, sem sinna rannsóknum og kennslu, tóku við akademískum nafnbótum við Háskóla Íslands við athöfn í Hátíðasal skólans á dögnum... [meira](#)



## Þrjú rannsóknarhópar fengu styrki úr Vísindasjóði LSH

Forstjóri Landspítala afhenti þrjú fimm milljóna króna hvatningarstyrki úr Vísindasjóði Landspítala við athöfn í Hringstal 2. desember 2014. Meðal viðstaddra var Kristján Þór Júlíusson heilbrigðisráðherra. Þetta er í fimmta sinn sem styrkir af þessu tagi eru veittir á spítalanum... [meira](#)



## Nærri 80 doktorar tóku við gullmerki Háskóla Íslands

Metfjöldi doktora, 79 talsins, tók við gullmerki Háskóla Íslands á hátíð brautskráðra doktora sem haldin var í fjórða sinn fullveldisdaginn 1. desember í Hátíðasal Háskóla Íslands. Doktorarnir eru af öllum fimm fræðasviðum háskólans og hafa lagt mikið til rannsókna og nýsköpunar innan skólans... [meira](#)



## Nemendur hlýntir byggingu nýs Landspítala

Erfið staða íslenska heilbrigðiskerfisins hefur varla farið framhjá neinum. Undanfarið hafa verið miklar umræður um nauðsynlegar úrbætur á húsakosti Landspítalans og tækjabúnaði. Landspítalinn er framtíðar vinnustaður flestra heilbrigðisstarfsmanna hér á landi og er því um mikið... [meira](#)

# Starfsmannamál

## Nýir starfsmenn og breytt starfsheiti

Við bjóðum eftirtalda starfsmenn hjartanlega velkomna til starfa á Heilbrigðisvísindasviði. Þess ber að geta að nokkrir á listanum hafa lengi verið við störf í háskólanum og sviðið ber gæfu til að fá áfram notið krafta þeirra, þó starfið og/eða starfsheitið hafi breyst.

**Aðalheiður Svana Sigurðardóttir** - aðjúnkt I í tannsmíði við Tannlæknadeild.

**Arnheiður Sigurðardóttir** - verkefnisstjóri við Hjúkrunarfræðideild.

**Berglind Guðmundsdóttir** - dósent í sálfræði á fræðasviði geðlækningar við Læknadeild.

**Björn Viðar Aðalbjörnsson** - aðjúnkt II við Matvæla- og næringarfræðideild.

**Björn Þorgilsson** - náttúrufræðingur við Læknadeild og Rannsóknastofu í lyfja- og eiturefnafræði.

**Elsa B. Valsdóttir** - lektor í skurðlæknisfræði við Læknadeild.

**Guðlaug Björnsdóttir** - aðjúnkt II við námsbraut í geislafræði / Læknadeild.

**Gyða Hrönn Einarsdóttir** - aðjúnkt II í lífeindafræði við Læknadeild.

**Halldóra Jónsdóttir** - lektor í geðlæknisfræði við Læknadeild.

**Ingunn Eypórsdóttir** - upplýsinga- og vefstjóri við Heilbrigðisvísindasvið.

**Kristín Sigurðardóttir** - aðjúnkt II í samskiptafræði við Læknadeild.

**Oddný Kristinsdóttir** - aðjúnkt II við Hjúkrunarfræðideild.

**Sigríður Ásta Jónsdóttir** - lyfjasérfræðingur við Læknadeild og Rannsóknastofu í lyfja- og eiturefnafræði.

## Breytingar á stjórn

Um síðustu áramót urðu þær breytingar á stjórn Heilbrigðisvísindasviðs að Sesselja S. Ómarsdóttir, prófessor og vara-deildarforseti Lyfjafræðideildar leysir Mía Másson, prófessor og deildarforseta Lyfjafræðideildar af í rannsóknaleyfi Más á vormisseri. Þá tók Ragna B. Garðarsdóttir, dósent í sálfræði við stöðu varadeildarforseta Sálfræðideildar af Jörgeni L. Pind.



Heilsuáramót Heilbrigðisvísindasviðs er hafinn. [Á forsiðu HVS í Uglu má finna ráð til að tileinka sér í heilsuáramótinum. Göngum, gefum, hrósum!](#)

## Á döfinni

Aprílmánuður er tileinkaður heilsuefningu og bættum lífsstíl á meðal starfsfólks Háskóla Íslands. Eins og undanfarin ár er lögð áhersla á hreyfingu, næringu, að setja sér raunhæf markmið og sitthvað fleira. Fjöldi heilsutengra viðburða eru á dagskrá sem auglýstir verða í háskólakassanum í Uglu.

Hápunktur heilsuáramóðarinnar er Háskólahlaupið sem verður haldið miðvikudaginn 29. apríl, kl. 16.00.

- 13. apríl: Rectorskjör
- 22. apríl: Þing HVS
- 29. apríl: Háskólahlaup
- 1. júní: Doktorsvörn - Theodore J. Kottom
- 10.-13. júní: Háskóli unga fólksins

Takið dagana frá!



HÁSKÓLI ÍSLANDS  
HEILBRIGÐISVÍSINDASVIÐ

Útgefandi: Heilbrigðisvísindasvið  
Ritstjóri: Ingunn Eypórsdóttir  
Ábyrgðarmaður: Inga Þórsdóttir